

TILLÖGUR OG GREINARGERÐ

Til samþykktar á ársfundi Stapa 5. maí 2021

Inngangur

Lagðar eru til fjórar breytingar á samþykktum sjóðsins ár ársfundi 2021. Þrjár af þessum breytingum snúa að því að skerpa á ákvæðum samþykktanna þannig að þau endurspegli betur það vinnulag sem viðhaft er hjá sjóðnum í raun þannig að ekki vakni vafi um það. Ein breytingin er hins vegar nauðsynleg vegna kröfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um að samþykktir hafi að geyma ákvæði um það hvort, og þá hvernig, unnt sé að afturkalla umboð stjórnarmanna. Verður nú vikið nánar að einstökum breytingatillögum.

Greinar 4.2 og 4.3 í samþykktum

Lagt er til að greinar 4.2 og 4.3 í samþykktum verði svohljóðandi (nýr texti sem kemur inn er rauður en texti sem fellur út er yfirstrikaður):

Grein 4.2

Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár og skal kjósa helming stjórnar á hverju ári, tvo fulltrúa launamanna og tvo fulltrúa atvinnurekenda. Varamenn skulu kosnir með sama hætti, einn fulltrúi launamanna og einn fulltrúi atvinnurekenda á hverju ári. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins. **Óheimilt er að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu nema hann bresti hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum eða samþykktum sjóðsins sbr. einkum grein 4.3. Tilnefningaraðili skal tilkynna stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðun með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði, samþykktir eða reglur. Afturkalli tilnefningaraðili umboð stjórnarmanns skal fulltrúaráð þess aðila staðfesta þá ákvörðun ásamt tilnefningu nýs stjórnarmanns fram að næsta ársfundi.**

Grein 4.3

Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannröð **gott orðspor** og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og mega ekki á síðustu 5 árum hafa, í tengslum við atvinnurekstur, fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði. Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægjanlegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. **Stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.**

Greinargerð:

Með dreifibréfi Fjármálaeftirlitsins til lífeyrissjóða, dags. 3. júlí 2019, beindi Fjármálaeftirlitið því til stjórna lífeyrissjóða að taka samþykktir sínar til skoðunar í þeim tilgangi að skýra hvort og þá við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna verði afturkallað. Samskipti áttu sér stað í kjölfarið milli Stapa lífeyrissjóðs og Fjármálaeftirlitsins sem leiddu að lokum til þess að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands sendi sjóðnum bréf þann 15. febrúar sl. þar sem þeirri afstöðu var lýst að ekki væri að finna ákvæði um það í samþykktum sjóðsins hvort og þá hvernig kjörtímabil stjórnarmanna verði rofið. Slíkt kunnist að leiða til óvissu um túlkun milli þeirra aðila sem að sjóðnum standa. Var farið fram á viðeigandi úrbætur þannig að skerpt yrði á ákvæðum í samþykktum og skýrt hvort, hvernig og við hvaða

aðstæður umboð til stjórnarmanna verði afturkallað. Var farið fram á að umræddar breytingar yrðu teknar til endurskoðunar á næsta skipulega ársfundi sjóðsins.

Hinn 4. mars sl. gerðu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins með sér samkomulag um breytingar á kjarasamningi aðilanna um lífeyrismál frá 12. desember 1995. Í samkomulaginu koma fram efnisreglur varðandi afturköllun umboðs stjórnarmanna og um hæfi stjórnarmanna.

Tillögur að samþykktarbreytingum sem lagðar eru til varðandi gr. 4.2 hafa það að markmiði að útfæra í samþykktum sjóðsins hvort, hvernig og við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna verði afturkallað, á grundvelli ábendinga Fjármálaeftirlitsins og til útfærslu á samkomulagi ASÍ og SA frá 4. mars sl. Lagt er til að óheimilt verði að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu nema hann bresti hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum eða samþykktum sjóðsins. Þá er því lýst með hvaða hætti umboð stjórnarmanns verði afturkallað komi til þess að viðkomandi bresti hæfi. Frumkvæði að slíkri afturköllun verði á hendi tilnefningaraðila með samþykki fulltrúaráðs hvors aðila um sig. Lagt er til að tilnefningarnefnd launamanna teljist tilnefningaraðili annars vegar þar sem um er að ræða sameiginlegan vettvang þeirra til þess að leggja til stjórnarmenn hverju sinni og Samtök atvinnulífsins hins vegar.

Þá ganga tillögur hvað varðar gr. 4.3. út á að breyta orðunum „óflekkað mannorð“ í „gott orðspor“ vegna lagabreytinga, sbr. 35. gr. laga nr. 141/2018. Ákvæði um að stjórnarmenn skuli rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig á rætur að rekja til samkomulags ASÍ og SA frá 4. mars sl. um hæfi stjórnarmanna.

Grein 19.5 í samþykktum

Lagt er til að grein 19.5 verði svohljóðandi:

Grein 19.5

Þegar skilyrði 19.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt miðað við réttindasjóð samkvæmt gr. 19.1 að viðbættum lífeyri sem svarar til þeirra réttinda sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér með iðgjaldsgreiðslum fram til 65 ára aldurs, þ.e. framreikningi. Framreikningur er reiknaður með því að taka iðgjald viðmiðunartímabils, þ.e. framreikningsiðgjald skv. grein 19.6, og í hverjum mánuði á framreikningstíma, bæta við það jöfnunariðgjaldi með hliðsjón af aldri og viðmiðunariðgjaldi, sbr. gr. 17.5 og töflu V í viðauka A. Ráðstafa af samanlögðu framreikningsiðgjaldi og jöfnunariðgjaldi í tryggingavernd sbr. töflu I í viðauka A til að reikna áætlað framlag í réttindasjóð. Breyta loks áætluðu framlagi í réttindasjóð í mánaðarlegan örorkulífeyrisrétt með töflu III í viðauka A. Framreikningur sjóðfélagsins er svo samanlagður mánaðarlegur örorkulífeyrisréttur fyrir hvern mánuð á framreikningstíma. reiknað samkvæmt grein 19.6 og töflu IV í viðauka A. Framreikningur skv. 19.6 er misjafn eftir aðstæðum sjóðfélaga, en sjóðfélagar sem búa við sambærilegar aðstæður fá þó ávallt sambærilegan framreikning.

Greinargerð:

Við uppsetningu útreikninga vegna framreiknings í tölvukerfum sjóðsins var vandkvæðum bundið að fara þá leið sem núverandi samþykktir kveða á um. Því var valið að fara aðra leið í gegnum réttindatöflur sjóðsins við útreikningana. Ekki er um breytingu á réttindum til örorkulífeyris að ræða. Í tillögunni er núverandi framkvæmd lýst, framreikningur er reiknaður með því að láta iðgjald viðmiðunartímabils, skv. grein 19.6 hlíta sömu meðferð á framreikningstíma og hefandið iðgjald til sjóðsins, sbr. 17. gr.

Grein 19.6 í samþykktum

Lögð er til breyting á a-lið greinar 19.6 þannig að hún verði eftirfarandi:

Grein 19.6.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt á framreikningi réttinda samkvæmt gr. 19.5., skal um framreikninginn fara skv. staflaðum a-e þessarar greinar, eftir því sem við á í tilviki hvers sjóðfélaga fyrir sig:

a) Reglubundnar iðgjaldagreiðslur.

Hafi iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs og/eða annarra lífeyrissjóða verið reglubundnar skal framreikna með því leggja til grundvallar reiknað meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu fjögur almanaksárin fyrir orkutapið til að meta tekjutap vegna ókomins tíma skv. gr. 19.5. Telji sjóðstjórn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, er henni heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 8 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum skv. ~~töflu IV í viðauka A.~~ Nemi meðaliðgjaldið hærri fjárhæð en kr. 320.000 skal við framreikning miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan og til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með kr. 320.000 í árlegt iðgjald, **réttur til jafnar ávinnslu lækkar samliða eftir 10 ár.** Þessar takmarkanir á fjárhæðum vegna framreiknings eiga við um allar tegundir framreiknings skv. grein þessari (liðir a-e)

Greinargerð:

Breytt var úr kerfi jafnrar réttindaávinnslu í aldurstengda árið 2005 hjá Lífeyrissjóði Austurlands og árið 2007 hjá Lífeyrissjóði Norðurlands. Í eldra kerfinu áunnu ungir sjóðfélagar sér sömu réttindi til eftirlauna og aldnir sjóðfélagar þrátt fyrir að þeirra inngreiðslur ættu eftir að ávaxtast lengur. Til að bæta þeim sjóðfélögum upp þann mismun sem í kerfunum felst þá hafa þeir sjóðfélagar sem greiddu í gamla kerfið rétt á að greiða í jafna ávinnslu áfram að tilteknu marki.

Þetta skiptir máli hvað varðar útreikninga á framreikningi í örorku, í ofangreindri tillögu felst ekki breyting heldur eingöngu er verið að skerpa á því að ef árlegt framreikningsiðgjald lækkar niður í 320 þús kr. (vtnv 230) þá lækki samliða réttur til jafnrar ávinnslu. Þetta er í samræmi við núverandi útreikninga í kerfinu og í samræmi við það hvernig tryggingastærðfræðingur sjóðsins telur að túlka beri núverandi samþykktir.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins, Bjarni Guðmundsson, hefur bent á eftirfarandi:

- Ákvæði greinar 17.5 eru hér nokkuð afdráttarlaus. Á hverjum tíma er fundið er það sem lægra er, viðmiðunariðgjald eða 10% af iðgjaldsstofni. Af þessu iðgjaldi reiknast svo ákveðið hlutfall sem bætt er við uppsöfnun réttindasjóðs.
- Við framreikning réttinda eru réttindi sjóðfélaga aukin skv. 19.5 miðað við að það iðgjald sem ákveðið er í grein 19.6 berist sjóðnum fram til 65 ára aldurs. Samkvæmt ákvæðum greinar 19.6 skal eftir að 10 ár eru liðin frá orkutapi ekki miðað við hærra ársiðgjald en 320.000 kr. (vtnv 230). Sérstaklega skal bent á að ekki er í samþykktum gerður greinarmunur á stöðu sjóðfélaga sem fara yfir viðmiðunarmarkið með 15,5% iðgjaldi og þeim sem fara yfir markið með 12% iðgjaldi.
- Iðgjaldsstofninn ákvarðast af því iðgjaldi sem notað er við framreikning og er því lægri í tilviki þess sjóðfélaga sem fer yfir viðmiðið með 15,5% iðgjaldi en hjá þeim sem fer yfir viðmið með 12% iðgjaldi.
- Framreikningsiðgjaldinu er ætlað að koma í stað þess iðgjalds sem sjóðfélagi hefði greitt til sjóðsins og reglum 17.5 um ákvörðun jafnaðariðgjalds hlýtur að vera beitt með sama hætti og við önnur iðgjöld, það er að jafnaðariðgjaldið verði jafnan það sem lægra er, viðmiðunariðgjald eða 10% af iðgjaldsstofni.
- Eins og rakið er hér að framan sýnast ákvæði núgildandi samþykktu kveða greinilega á um þá framkvæmd sem tíðkuð hefur verið við ákvörðun jöfnunariðgjalds við úrskurði þar sem reynir á ákvæði greinar 19.6 um takmörkun réttar til framreiknings.

Greinar 23.2 og 23.3

Lagt er til að grein 23.2 verði felld út og orðalag í grein 23.3 verði aðlagð að því auk þess sem hún verði nér eftir nr. 23.2.

Grein 23.2

~~Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem ekki hafa náð 16 ára aldri eða sem náð hafa 70 ára aldri sbr. 16.1, og 17.4, skal hann endurgreiða viðkomandi sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldahluta þeirra og skapast þá ekki réttur hjá sjóðnum vegna þessara iðgjalda. Skal endurgreiðslan eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári, sbr. þó ákvæði gr. 23.3.~~

Grein 23.3

~~Heimilt er sjóðnum að~~ **Leggja skal** iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára inn á reikning í eigu viðkomandi sjóðfélaga í séreignardeild sjóðsins. Skal þá greiða bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda inn á reikning sjóðfélagans. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélaga um slíka ráðstöfun og er sjóðfélaganum þá heimilt að taka slíka greiðslu út úr séreignadeildinni í allt að 5 ár frá því slík ráðstöfun er gerð. Sé ekki sótt um slíka endurgreiðslu innan þess tíma fer um endurgreiðsluna eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar.

Greinargerð:

Af gildandi samþykktum má ráða að núgildandi grein 23.2 sé meginregla sem almennt er fylgt þegar greidd eru iðgjöld til sjóðsins vegna launþega sem eru eldri en yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára. Allt frá því að grein 23.3. var sett í samþykktir hefur sú heimild sem hún hefur að geyma verið nýtt og iðgjöld vegna slíkra launþega verið færð á reikning í eigu viðkomandi í séreignardeild. Hefur sú

framkvæmd byggd á því að greiðslur í lífeyrissjóð séu hluti af starfskjörum viðkomandi launþega samkvæmt kjarasamningi og greidd í góðri trú. Því sé eðlilegra að leggja allar slíkar greiðslur í séreign viðkomandi frekar en að endurgreiða sjóðafélaga og launagreiðanda slíkar greiðslur.